

Sjöundi fundur haldinn að Breiðabliki 1. október 2020 að Breiðabliki kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Leitað var frávik vegna bréfs frá Vegagerðinni, það var samþykkt.

Dagskrá:

1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Eyja og Miklaholtshrepps. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa óverulega breytingu á Aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038 í samræmi við 2. mgr. 36. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin varðar lítilsháttar tilfærslu á mörkum landnotkunarreita vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á Miðhrauni 2.
2. Umsögn vegna lýsingar á aðalskipulagi Borgarbyggðar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.
3. Bréf dagsett 24. ágúst frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti og varðar samninga við önnur sveitarfélög. Einnig tölvupóstur frá framkvæmdastjóra SSV um sama efni. Sveitarstjórn verður með í vinnu SSV vegna málsins.
4. Fundarboð á haustþing SSV 16. október 2020. Fundarboðið lagt fram til kynningar.
5. Drög að breytingum á útisvæði við Breiðablik frá Sigursteini arkitekt. Sveitarstjórn fór yfir hugmyndir Sigursteins og oddvita falið að koma ábendingum til hans. Mikilvægt er að fara í að keyra mölina í rútustæðið sem fyrst. Oddvita falið að skoða það.
6. Bréf dagsett 28. September 2020 frá Hollvinafélagi Langholtsréttar og varðar Langholtsrétt. Sveitarstjórn fagnar áhuga fólks á uppbyggingu Langholtsréttar og að hún verði sú þrýði í okkar samfélagi sem hún var um áratuga skeið. Sveitarstjórn hlakkar til samstarfs við þetta ágæta fólk. Samþykkt að sveitarstjórn sækir um styrk til endurbóta á réttinni.
7. Bréf dagsett 28. september frá Vegagerðinni og varðar starfshóp um girðingar á vegum opinbera aðila. Sveitarstjórn fagnar þeirri vinnu sem komin er í gang. Oddvita falið að vera í sambandi við formann nefndarinnar með upplýsingar úr sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)